



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

6. júlí 2021

Mál nr. E-7414/2019:
Stefnandi: Arev NII slhf.
(*Gunnar Sturluson lögmaður*)

Stefndu: Arev verðbréfafyrirtæki hf.
Jón Scheving Thorsteinsson
(*Reimar Snæfells Pétursson*)

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
(*Kristín Edwald lögmaður*)

Dómari: Arnaldur Hjartarson héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 6. júlí 2021 í máli nr. E-7414/2019:

Arev NII slhf.

(Gunnar Sturluson lögmaður)

gegn

Arev verðbréfafyrirtæki hf.,

Jóni Scheving Thorsteinssyni og

(Reimar Snæfells Pétursson lögmaður)

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Kristín Edwald lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 10. júní sl., var höfðað 14. desember 2019 gegn stefndu Arev verðbréfafyrirtæki hf. og Jóni Scheving Thorsteinssyni en 16. desember 2019 gegn stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Stefnandi er Arev NII slhf., Efstaleiti 5 í Reykjavík.

Stefndu eru Arev verðbréfafyrirtæki hf., Bankastræti 5 í Reykjavík, Jón Scheving Thorsteinsson, Oddagötu 4 í Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir sameiginlega til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 532.373.291 krónur auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 314.492.000 krónum frá 25. júní 2015 til 28. maí 2015, af 381.088.100 krónum frá þeim degi til 30. september 2015, af 464.925.487 krónum frá þeim degi til 10. nóvember 2015 og af 544.554.987 krónum frá þeim degi til þingfestingardags en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun á 12.181.696 krónum 17. ágúst 2016. Þá er þess krafist að stefndu verði sameiginlega gert að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndu Arev verðbréfafyrirtæki hf. og Jón Scheving Thorsteinsson krefjast sýknu og málskostnaðar.

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. krefst sýknu og málskostnaðar.

Í þinghaldi 19. apríl sl. var ákveðið að skipta sakarefni málsins að tillögu stefndu, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þannig að fyrst yrði fjallað um þær málsástæður aðila sem lytu að fyrningu ætlaðrar kröfu stefnanda. Nánar tiltekið hafði sú tillaga upphaflega komið fram í greinargerð stefndu Jóns og Arev verðbréfafyrirtækis hf. og tók lögmaður stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. undir tillöguna í fyrrgreindu þinghaldi þegar hún var tekin til umræðu.

I

Stefnandi, sem er samlagshutafélag, byggir á því að stefndu Jón og Arev verðbréfafyrirtæki hf. hafi valdið sér tjóni í tengslum við kaup stefnanda á breska fjárfestingarsjóðnum Kcaj Limited Liability Partnership. Hið erlenda félag var 100% eigandi eignarhaldsfélagsins Duchamp Holdings Limited, sem aftur átti rekstrarfélagið Duchamp Limited. Fólst rekstur hins síðastnefnda félags í hönnun karlmannsfatnaðar, smásölu, heildsölu og öðrum tengdum rekstri. Stefnandi reisir kröfu sína á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á fyrirliggjandi ábyrgðartryggingu.

Með tilkynningu, dags. 17. júní 2012, var hlutafélagaskrá upplýst um stofnun stefnanda. Stofnendur voru LAGPNII ehf. og Arev H2 ehf. Prókúruhafar voru stefndi Jón og Guðmundur Auðunsson, en hinn síðarnefndi var þá framkvæmdastjóri stefnanda. Björn Jóhannesson, starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., varð framkvæmdastjóri stefnanda 20. júní 2013. Hinn 28. mars 2014 varð Björg Kjartansdóttir, starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., framkvæmdastjóri stefnanda en hún var auk þess titluð sem fjárfestingastjóri stefnanda. Hinn 12. ágúst 2014 tók Björn Jóhannesson aftur við stöðu framkvæmdastjóra stefnanda.

Stefnandi og stefndi Arev verðbréfafyrirtæki hf. gerðu með sér samning 20. febrúar 2014 um söluráðgjöf í tengslum við framangreind viðskipti í Kcaj Limited Liability Partnership. Eignastýringarsamningur milli sömu aðila var gerður 28. mars 2014.

Upphaflegum samþykktum stefnanda frá 17. júní 2012 var breytt 20. nóvember 2013, 7. febrúar 2014 og 28. mars 2014. Samkvæmt grein 4.1 í samþykktum stefnanda á síðastnefndum tíma skyldi svonefndur ábyrgðaraðili gegna hlutverki stjórnar og rita firma félagsins. Þess skal getið að ábyrgðaraðili á umræddum tíma var ANIIGP ehf., sem ágreiningslaust er að laut raunverulegum yfirráðum stefnda Jóns. Samkvæmt grein 4.2 í fyrirnefndum samþykktum skyldi ábyrgðaraðili tryggja að eignastýringaraðili, þ.e. stefndi Arev verðbréfafyrirtæki hf., gegndi hlutverki framkvæmdastjóra fyrir hönd félagsins. Fram til þess tíma að samið yrði um eignastýringu skyldi ábyrgðaraðili gegna hlutverki framkvæmdastjóra. Eins og áður segir var samningur um eignastýringu gerður við stefnda Arev verðbréfafyrirtæki hf. 28. mars 2014. Samkvæmt grein 4.4 skyldi sérstakt fjárfestingaráð starfrækt hjá stefnanda, en í því skyldu sitja fjórir einstaklingar, þar af tveir tilnefndir af ábyrgðaraðila félagsins og tveir „óháðir tilnefndir úr hópi hluthafa“. Ráðið skyldi kosið með beinni kosningu hluthafa félagsins á hluthafafundi. Fram kom að starfsheimildir ráðsins væru takmarkaðar við fjárfestingarákvarðanir félagsins. Í grein 4.7 sagði að hluthafafundur kysi þrjá menn í ráðgjafaráð með beinni kosningu á hluthafafundi. Hlutverk þess væri að veita ráðgjöf um hugsanlega hagsmunaárekstra,

leggja fram tillögu á hluthafafundi um hvort framlengja ætti líftíma sjóðsins og fjalla um og samþykkja ráðgjafarþóknanir til tengdra aðila. Síðari breytingar á samþykktum félagsins hrófluðu ekki við framangreindum ákvæðum, þ.e. þar til þeim var breytt 26. maí 2016, en þá var jafnframt skipt um ábyrgðaraðila félagsins.

Með kaupsamningi, dags. 2. apríl 2014, fjárfesti stefnandi í Kcaj Limited Liability Partnership. Samkvæmt fyrirbyggjandi fundargerð fjárfestingaráðs stefnanda, dags. 4. júlí 2014, virðast kaupin þó fyrst hafa verið samþykkt í fjárfestingaráðinu síðastnefndan dag. Seljandi var Földungur ehf., sem var félag í eigu Glitnis hf., áður Glitnis banka hf., sem þá var í slitameðferð. Efni kaupsamningsins þurfti síðan að staðfesta á nýjan leik, eins og nánar er rakið hér á eftir, en það var gert með skjali 24. mars 2015.

Í tengslum við fyrrgreind kaup kallaði Björg Kjartansdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri stefnanda og starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., eftir greiðslu hlutafjárloforða frá þeim sem höfðu skráð sig fyrir hlutafé í stefnanda. Var þar einkum um að ræða íslenska lífeyrissjóði. Þar á meðal voru þó einnig tvö félög tengd stefnda Jóni, þ.e. Arev Brands Limited og Eignarhaldsfélagið Arev hf. Hvorugt hinna síðastnefndu félaga varð þá við greiðslu hlutafjár í samræmi við erindi Bjargar. Síðar greiddi Eignarhaldsfélagið Arev hf. hlutaféð árið 2016 en greiðsla barst ekki frá Arev Brands Limited.

Í minnisblaði Bjargar Kjartansdóttur til ráðgjafaráðs stefnanda, dags. 10. september 2014, er fjallað um hagsmunaárekstra í tengslum við kaup stefnanda á Kcaj Limited Liability Partnership. Þess skal getið að Björg var þá ekki lengur framkvæmdastjóri stefnanda heldur fjárfestingastjóri félagsins. Í skjalinu er greint frá því að eignarhald Kcaj Limited Liability Partnership hafi verið þannig að Földungur ehf. hafi átt 85,2% hlut, JST Holding ehf. hafi átt 9,4% hlut og Arev Management Limited hafi átt 5,4% hlut. Síðastnefnd tvö félög voru í reynd í eigu stefnda Jóns. Til stóð samkvæmt minnisblaðinu að stefnandi myndi eignast Kcaj Limited Liability Partnership í heild sinni en fram kemur í minnisblaðinu að til þess að ekki verði um fjárhagslegan ágóða eða forðun frá fjárhagslegu tapi að ræða hjá stefnda Jóni, sem sagður er starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., þá yrði kaupverð félaganna tveggja sem tengjast honum annars vegar eitt sterlingspund og hins vegar ein íslensk króna.

Síðar kom í ljós, eins og rakið er í minnisblaði Árna Sv. Mathiesen, starfsmanns stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., dags. 18. febrúar 2015, að Arev Management Limited væri ekki raunverulegur eigandi að hlut í Kcaj Limited Liability Partnership líkt og gengið hefði verið út frá í upphafi heldur Arev LP. Samkvæmt minnisblaðinu var þetta ástæða þess að nauðsynlegt var að staðfesta efni samningsins

frá 2. apríl 2014 með undirritun nýs samnings áður en unnt var að ganga til gagnkvæmra efnda.

Hinn 27. febrúar 2015 tók fjárfestingaráð fyrir beiðni forstjóra Duchamp Holdings Limited um hluthafalán frá stefnanda. Á fundi ráðsins 2. mars 2015 var samþykkt að veita slíkt lán að fjárhæð 400.000 sterlingspund og hluti þess, þ.e. 322.000 sterlingspund, í kjölfarið afhentur. Í samantekt Bjargar Kjartansdóttur fyrir fjárfestingaráðið kemur fram að vegna taps Duchamp Limited hafi Euler Hermez (Allianz) sagt upp birgðatryggingu með þeim áhrifum að félagið þurfi að lækka fyrirgreiðslu frá birgjum og greiða þeim hraðar. Þetta ásamt minni sölu undanfarna mánuði hafi leitt til þess að beiðni um hluthafalán hafi verið sett fram. Síðan segir: „Lánsfjárhæð verður nýtt til að greiða lánardrottnum til að tryggja vöruflæði og greiða vangoldinn virðisaukaskatt. Ef ekki næst að semja um lán er ljóst að félagið mun ekki verða rekstrarhæft á komandi mánuðum vegna vöruskorts. Euler Hermez (Allianz) hefur tilkynnt félaginu að þeir hafi áhuga á að veita birgðatryggingu á nýjan leik en vilja sjá jákvæða EBITDA og vöxt áður en það gerist.“

Í fundargerð ráðgjafaráðs, dags. 10. mars 2015, er fjallað um aðdraganda viðskipta stefnanda með hluti í Kcaj Limited Liability Partnership. Um hagsmunaárekstra segir meðal annars að fyrir liggi að stefndi Jón eigi tvo af seljendum hlutafjárins, þ.e. JST Holding ehf. og Arev Management Limited. Þá sé stefndi Jón framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. og raunar eigandi Eignarhaldsfélagsins Arev hf., stærsta eiganda stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. Fjallað var um erfiðleika við öflun yfirlýsingar breskra lögmannna og endurskoðenda um staðfestingu þess að Arev Management Limited væri ekki að forðast fjárhagslegt tap með viðskiptunum. Síðan segir að ráðgjafaráðið telji ekki hægt að ganga lengra í að kanna hvort seljendur, þ.e. JST Holding ehf. og Arev Management Limited, séu að forðast fjárhagslegt tap á kostnað stefnanda með sölu fyrrgreindra hluta.

Í minnispunktum Bjargar Kjartansdóttur til fjárfestingaráðs í ágúst 2015 kemur fram að í febrúar 2014 hafi forstjóri Duchamp Limited metið fjárþörf félagsins 1.500.000 sterlingspund en að við söluna hafi aðeins verið miðað við að Földungur ehf. lánaði hinu selda félagi 1.000.000 sterlingspund.

Fyrir liggur minnisblað Bjargar Kjartansdóttur og lögmannsstofunnar Lagahvols slf., dags. 30. september 2015, til fjárfestingaráðs stefnanda. Í upphafi minnisblaðsins kemur fram að Björg hafi leitað til lögmannsstofunnar um aðstoð við gerð samantekar um fyrrgreinda fjárfestingu stefnanda sem leggja eigi fyrir fjárfestingaráð stefnanda. Í minnisblaðinu segir meðal annars að vegna fjárfestingarinnar hafi Björg kallað eftir innborgun hlutafjár. Aðeins hafi borist greiðsla vegna 86,5% hlutafjár. Því hafi ekki verið unnt að standa í skilum með

greiðslu kaupverðs vegna fjárfestingarinnar. Í dag hafi Duchamp Limited misst allt lánsvilyrði og þurfi að staðgreiða allar vörur sem sé næsta ómögulegt vegna langvarandi rekstrarvanda. Einsýnt sé að Földungi ehf. hafi verið ljóst í hve slæmri stöðu Duchamp Limited hafi verið. Félagið þurfi nú á lánsfjármagni að halda því ella geti það ekki staðið við skuldbindingar sínar. Endurskoðandi Kcaj Limited Liability Partnership hafi gert athugasemdir við ársreikning þess félags og talið að verðmæti dótturfélagsins, þ.e. Duchamp Limited, væri stórlega ofmetið. Nánar tiltekið hefði hann metið rekstrarverðmæti Duchamp Limited um 1.367.000 sterlingspund, sem væri lækkun um 663.000 sterlingspund frá umsömdu kaupverði.

Í fundargerð fjárfestingaráðs stefnanda, dags. 30. september 2015, er fjallað um fyrrgreint minnisblað Bjargar og Lagavols slf. Fram kemur að mikil umræða hafi átt sér stað um slæma fjárhagsstöðu Duchamp Limited. Farið hafi verið yfir kaupverð og önnur ákvæði í samningi stefnanda við Földung ehf. frá apríl 2014. Bókað er að fjárfestingaráð telji að fjárhagsvandi Duchamp Limited hafi verið mun meiri en ljóst hafi verið við undirskrift kaupsamnings 2014. Seljanda megi nú vera ljóst að hin raunverulega fjárhagsstaða félagsins hafi ekki verið gerð að fullu ljós fyrir stefnanda sem kaupanda. Ástæða sé til að fela fjárfestingastjóra stefnanda að gera kröfu um að Földungur ehf. veiti afslátt af kaupverðinu. Í því sambengi telji ráðið eðlilegt að miða við matsverð sem fram komi í athugasemdum endurskoðanda félagsins, enda sé ekki enn búið að lána félaginu þá fjármuni sem nauðsynlegir séu til að komast í gegnum rekstur næstu mánuði. Í þessu sambengi skal þess getið að af fyrrgreindu minnisblaði Bjargar og Lagahvols slf. verður ráðið að þar hafi endurskoðandi Kcaj Limited Liability Partnership metið rekstrarverðmæti Duchamp Limited um 1.367.000 sterlingspund, sem var lækkun um 663.000 sterlingspund frá umsömdu kaupverði. Í fundargerð fjárfestingaráðsins segir enn fremur að það telji ástæðu til að heimila fjárfestingastjóra að fela lögmönnum stefnanda að koma að málinu verði ástæða til. Í fundargerðinni segir einnig að rætt hafi verið um hlutafalán til Duchamp Limited, sem einnig er vikið að í fyrrgreindu minnisblaði. Síðar segir að svo virðist sem Arev Management Limited, en það er félag í eigu stefnda Jóns, hafi fengið endurgreiddan hluta af láni, en slík greiðsla hafi ekki borist Földungi ehf. Enn fremur hafi Arev Management Limited fengið herra hlutfall af endurgreiðslu en réttur þess hafi staðið til miðað við lánsamninga, en stefnandi hafi átt að ganga inn í rétt Földungs ehf. samkvæmt þeim samningum. Um þetta er bókað í fundargerðinni að ljóst sé að Arev Management Limited hafi fengið endurgreiddan hluta láns frá Duchamp Limited en ekki stefnandi. Í öðru lagi hafi Arev Management Limited fengið 100% af endurgreiðslu í stað 10%, andstætt ákvæðum lánsamninga. Ályktað er í fundargerð að fjárfestingaráð stefnanda telji rétt að krefjast þess að Arev Management Limited endurgreiði umrædda fjárhæð, þ.e. 47.040,75 sterlingspund. Fjárfestingaráðið telji enn

fremur rétt að krefjast þess að þetta sé gert fyrir 16. október 2015. Ella muni ráðið fela lögmönnum stefnanda að skoða hvort skaðabótakrafa hafi stofnast vegna þessa.

Á fundi fjárfestingaráðs stefnanda 22. október 2015 var tekin fyrir beiðni frá Duchamp Holdings Limited um annað hluthafalán. Niðurstaðan varð sú að veita félaginu lán að fjárhæð 500.000 sterlingspund og hluti þess, þ.e. 400.000 sterlingspund, í kjölfarið afhentur.

Ráðgjafaráð stefnanda fundaði 4. maí 2016. Í fundargerð kemur fram að tilefni fundarins hafi verið bréf Bjargar Kjartansdóttur til ráðsins, dags. 2. maí 2016. Fram kemur einnig að fulltrúar í ráðgjafaráði hafi rætt um það að á aðalfundi stefnanda í júní 2015 hafi aðalfundur ekki verið upplýstur um að á þeim tíma hafi tveir hluthafar, Arev Brands Limited og Eignarhaldsfélagið Arev hf., verið í skuld við félagið vegna ógreiddra hlutafjárloforða. Stefndi Jón hefði að sögn Bjargar ekki verið á umræddum aðalfundi þar sem hann hefði verið í fjallgöngu, en Björg hefði vonast til að sjá hann á fundinum til að ræða þetta þar. Fram kemur að vegna framangreindra vanefnda hafi stefnandi ekki getað staðið við greiðslur samkvæmt áður nefndum kaupsamningi við Földung ehf.

Í maí 2016 fól stefnandi Arctica Finance hf. að leggja mat á stöðu Duchamp Limited. Var niðurstaða þess mats sú að „slökkvistarf“ hefði gengið lengur en svo að hagvæmt gæti talist að sækja fram með auknum fjárframlögum til félagsins.

Hinn 26. maí 2016 var skipt um ábyrgðaraðila í stefnanda.

Hinn 31. maí 2016 rifti stefnandi eignastýringarsamningi við stefnda Arev verðbréfafyrirtæki hf.

Fór svo að stefnandi seldi eignir sínar sem tengdust fyrrnefndri fjárfestingu til Modeler Holdings Limited fyrir 80.000 sterlingspund, þ.e. greiðslu á 12.181.696 krónum, 17. ágúst 2016.

Stefnandi sendi stefndu Jóni og Arev verðbréfafyrirtæki hf. bréf 18. ágúst 2016 þar sem krafist var viðurkenningar á greiðsluskyldu vegna tjóns stefnanda.

Þeim kröfum var hafnað með bréfum stefndu Jóns og Arev verðbréfafyrirtækis hf., dags. 7. september 2016. Í bréfunum var þó upplýst um gildandi ábyrgðartryggingu stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. hjá meðstefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. ásamt því að tilkynnt var að tryggingafélagið hefði verið upplýst um framkomna kröfu.

Stefnandi sendi stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. bréf 21. september 2016 þar sem krafa var gerð um viðurkenningu greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. vegna framangreindra atvika. Því bréfi var ekki svarað, en í kjölfar ítrekunarbréfs stefnanda, dags. 30. janúar 2017, hafnaði stefndi kröfunni með bréfi, dags. 6. febrúar 2017. Upplýst var í því bréfi að stefndi Arev verðbréfafyrirtæki hf. hefði verið með ábyrgðartryggingu stjórnar- og

stjórnenda í gildi hjá váttryggingafélaginu. Síðasta váttryggingartímabil þeirrar tryggingar hefði verið 1. janúar 2016 til 1. janúar 2017 en hún hefði ekki endurnýjast.

Með matsbeiðni, dags. 3. nóvember 2017, fór stefnandi þess á leit við héraðsdóm að dómkvaddur yrði matsmaður í tengslum við mat á ætluðu tjóni stefnanda. Var Svanbjörn Thoroddsen hagfræðingur dómkvaddur sem matsmaður. Matsgerð hans lá fyrir 2. júlí 2019.

Eins og áður segir var ákveðið í þinghaldi 19. apríl sl. að skipta sakarefni málsins, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991, þannig að fyrst yrði fjallað um þær málsástæður aðila sem lytu að fyrningu ætlaðrar kröfu stefnanda.

Engar skýrslutökur fóru fram fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

II

Stefnandi byggir á reglu skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð og reglunni um stranga ábyrgð sérfræðinga á grundvelli samnings milli aðilanna um ráðgjöf við kaup stefnanda á Kcaj Limited Liability Partnership og samnings milli aðilanna um eignastýringu.

Nánar tiltekið sé byggt á því að á grundvelli framangreindra samninga hafi hvílt sérfræðiábyrgð á starfsmönnum stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., þ.m.t. stefnda Jóni. Stefndi Arev verðbréfafyrirtæki hf. hafi tekið að sér sérfræðipjónustu í tengslum við framangreinda ráðgjöf og aðstoð og tekið fyrir það gjald. Þegar ráðgjöf og sérfræðipjónusta sé veitt gegn gjaldi eigi strangar reglur um sérfræðiábyrgð við. Starfsmönnum stefnda Arev verðbréfafyrirtæki hf. hafi borið í ljósi sérfræðiábyrgðar skylda til aukinnar aðgæslu og vandvirkni í starfi fyrir stefnanda auk skyldu um að grípa til allra tiltækra ráðstafana til að koma í veg fyrir tjón. Á þessum skyldum starfsmannanna beri stefndi Arev verðbréfafyrirtæki hf. ábyrgð á á grundvelli reglunnar um vinnuveitandaábyrgð.

Líkt og greini í samningi aðila frá 20. febrúar 2014 hafi það alfarið verið á könnu stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. að annast alla þætti kaupanna og gæta þess í hvívetna að hagsmuna stefnanda væri gætt. Hafi stefnda Arev verðbréfafyrirtæki hf. meðal annars borið að afla allra nauðsynlegra upplýsinga um verðmat sem og annarra upplýsinga sem nauðsynlegar hafi verið til að veita fullnægjandi ráðgjöf við kaupin.

Matsgerð dómkvadds matsmanns sé skýr um það að virði Duchamp Limited hafi verið stórlega ofmetið og fjárþörf þess félags vanmetin er endanlegur samningur um efni kaupsamningsins hafi verið undirritaður 24. mars 2015.

Með eðlilegri árvekni og athugun á raunverulegri fjárhagsstöðu Duchamp Limited hefði starfsmönnum stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. mátt vera ljóst að fyrirhugað kaupverð félagsins og lánasamninga með kröfum á hendur félaginu hafi verið allt of hátt eða því sem nemi að minnsta kosti öllu kaupverðinu. Telji stefnandi

einnig verulega hafa á skort að rétt greining hafi farið fram af hálfu stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. á því hversu há lánafyrirgreiðsla hefði dugað á kaupsamningsdegi, þ.e. 2. apríl 2014, til að mæta rekstrarvanda Duchamp Limited.

Vegna hagsmuna stefnda Jóns vegna eignarhalds hans á stefnda Arev verðbréfafyrirtæki hf., og vegna beinna fjárhagslegra hagsmuna hans af fjárfestingu stefnanda í Kcaj Limited Liability Partnership, hafi hvílt á honum og öðrum starfsmönnum stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., aukin skylda til að sýna aðgæslu við ráðgjöf og samningagerð í þágu stefnanda. Þessum skyldum sínum hafi þeir brugðist, meðal annars með því að láta ekki framkvæma áreiðanleikakönnun, og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við störf sín.

III

Stefndu Jón og Arev verðbréfafyrirtæki hf. byggja á því að allar kröfur stefnanda séu fyrndar. Kröfur stefnanda byggja alfarið á því að stefndi Arev verðbréfafyrirtæki hf. hafi með skaðabótaskyldum hætti brotið gegn þjónustuskyldum sínum samkvæmt samningi um ráðgjöf frá 20. febrúar 2014 og samningi um eignastýringu frá 28. mars 2014. Kröfugerðin byggja því á reglum um bótaskyldu innan samninga. Þótt stefndi Jón hafi enga aðild átt að þeim samningum, virðist forsenda kröfugerðarinnar gagnvart honum engu að síður vera tilvist bótaskyldu stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. innan samninga.

Af þessu leiði að upphafstími fyrningar gagnvart stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. teljist vera sá tími þegar þjónusta samkvæmt samningunum hafi verið innt af hendi, sbr. 2. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Í tilviki samningsins um ráðgjöf frá 20. febrúar 2014 teljist það tímamark vera þegar „bindandi kaupsamningi“ hefði verið komið á vegna hins selda, sbr. 4. gr. kaupsamningsins. Í tilviki samningsins um eignastýringu frá 28. mars 2014 teljist það vera þegar fjárfestingastjóri hefði veitt fjárfestingaráðinu þá aðstoð og þann atbeina sem það hefði óskað áður en ráðið hefði samþykkt kaupin en það sé á sama tíma og gerður hafi verið bindandi kaupsamningur.

Upphafstími fyrningar sé því sá sami hvað varðar kröfur samkvæmt báðum samningunum og markist af gerð bindandi kaupsamnings. Sá kaupsamningur sem hafi verið gerður 2. apríl 2014 hafi orðið bindandi við samþykki fjárfestingaráðs 4. júlí 2014. Upphafstími fyrningar teljist því vera sá dagur. Málið hafi verið höfðað 14. desember 2019, þ.e. á að giska einu og hálfu ári frá því allar kröfur vegna málsins hafi fyrnst, en fyrningarfrestur þeirra sé fjögur ár samkvæmt 3. gr. laga nr. 150/2007.

Í þessu samhengi breyti engu þótt litið yrði svo á að kröfugerðin væri um skaðabótaskyldu utan samninga. Stefnandi byggja á því að hann hafi orðið fyrir tjóni svo snemma sem 2. apríl 2014 og þótt stefndu telji sýnt að þetta geti ekki verið, enda

kaupin fyrst bindandi 4. júlí 2014, verði að horfa til þess að fyrningarfrestur skaðabótakrafna utan samninga, miðað við málatilbúnað stefnanda, hljóti að hafa verið runninn út þegar mál þetta var höfðað.

Til að undirstrika þetta skuli tekið fram að við mat þess hvort málið hafi verið fyrnt 14. desember 2019 verði að horfa til allra þeirra upplýsinga sem legið hafi fyrir stefnanda á svonefndum „skurðdegi“, þ.e. degi fyrir upphafstíma fjögurra ára fyrningarfrestsins, eða 13. desember 2015. Hafi þær upplýsingar gefið tilefni til kröfugerðar teljist allar skaðabótakröfur hafa verið fyrndar við málshöfðun, sbr. 9. gr. laga nr. 150/2007. Á skurðdegi hafi legið fyrir ítarlegar upplýsingar um öll helstu atriði sem málatilbúnaður stefnanda byggir á. Vitneskja hafi þannig í aðalatriðum legið fyrir hjá stefnanda á þeim degi um alla ætlaða hagsmunaárekstra sem lýst sé í stefnu, rekstrarerfiðleika Duchamp og ófullnægjandi viðsnúning í rekstri, virðisrýrnun hinna keyptu eigna og svo framvegis. Stefnandi geti því með engu móti afsakað þann óhæfilega drátt sem hafi orðið á málsókninni. Teljist því allar kröfur hans fyrndar.

IV

Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. byggja á því að kröfur stefnanda á hendur stefndu séu fyrndar, þ.e. annars vegar kröfur stefnanda á hendur meðstefndu og hins vegar krafa stefnanda í stjórnendaábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga fyrnist ábyrgð váttryggingarfélagis í ábyrgðartryggingum samkvæmt sömu reglum og gildi um fyrningu skaðabótaábyrgðar. Stjórnendaábyrgðartrygging meðstefndu sé ábyrgðartrygging í skilningi laganna þar sem veitt sé trygging fyrir bótaskyldri háttsemi þeirra stjórnenda sem falli undir skilmála tryggingarinnar.

Skaðabótakröfur fyrnist á fjórum árum frá þeim degi sem tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007. Af framangreindu sé því ljóst að sama eigi við um kröfur í stjórnendaábyrgðartryggingu stefnda.

Stefnandi hafi í síðasta lagi í lok september 2015 fengið nauðsynlegar upplýsingar um meint tjón sitt og meintan tjónvald. Fundur fjárfestingaráðs stefnanda hafi farið fram þann 30. september 2015 þar sem fundarmönnum hafi verið kynnt minnisblað fjárfestingastjóra stefnanda, dagsett sama dag. Í minnisblaðinu komi fram að fjárhagsþörf hins selda samkvæmt kaupsamningunum frá 2. apríl 2014 og 25. mars 2015 hafi verið vanáætluð og að viðbótarlán að fjárhæð 400.000 pund væri nauðsynlegt í október 2015. Rakið sé í minnisblaðinu að stefnandi hafi í ársbyrjun ekki haft upplýsingar um athafnir fyrrverandi framkvæmdastjóra Duchamp sem leitt hafi til þess að fjárhagsstaða fyrirtækisins hafi verið mun alvarlegri en talið hafi verið.

Þá hafi komið í ljós að fyrrverandi hluthafar hefðu lánað fyrirtækinu frekari fjárhæðir á árinu 2013 auk þess sem fyrirtækið hafi skuldað birgjum og framleiðendum umtalsverðar fjárhæðir og það hafi ekki verið ljóst fyrir gerð kaupsamningsins í apríl 2014. Enn fremur sé tekið fram að endurskoðandi Kcaj Limited Liability Partnership hafi á árinu 2015 gert verulegar athugasemdir við ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2014 og talið að verðmæti Duchamp hafi verið stórlega ofmetið í efnahagsreikningi Kcaj Limited Liability Partnership. Jafnframt sé sérstaklega tekið fram í upphafi minnisblaðsins að fjárfestingaráði sé heimilt að afhenda hluthöfum stefnanda minnisblaðið til skoðunar. Þá sé tilkynnt í minnisblaðinu að vanefndir hafi orðið á hluta áskriftarloforða.

Með þessu minnisblaði hafi stefnandi fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt af fjárfestingunni og meintan tjónvald. Í minnisblaðinu sé vísað til vanefnda á áskriftarloforðum félaga í eigu meðstefnda Jóns auk þess sem vísað sé til þess að fyrrverandi hluthafar í Kcaj Limited Liability Partnership, þ.e. félög í eigu meðstefnda Jóns, hafi veitt lán til Duchamp án þess að upplýsa um þær lánveitingar. Þá sé upplýst í minnisblaðinu um að fjárþörf Kcaj Limited Liability Partnership og Duchamp hafi verið verulega vanmetin og að vísbendingar væru um að kaupverðið fyrir Kcaj Limited Liability Partnership hafi verið stórlega ofmetið, sbr. athugasemdir endurskoðanda félagsins. Þess beri að geta að stefnandi byggji á því í málinu að tjón hans samanstandi af kaupverðinu fyrir hluti í Kcaj sem og lánveitingum hans til félagsins til að mæta vanáætlaðri fjárþörf. Á fundi fjárfestingaráðsins 30. september 2015 hafi ráðið beint því til fjárfestingastjóra að hefja viðræður við Földung ehf. um afslátt á kaupverði samkvæmt fyrrnefndum kaupsamningum og eftir atvikum að fela lögmonnum stefnanda að koma að málinu.

Verði ekki fallist á að stefnandi hafi í lok september 2015 haft nauðsynlegar upplýsingar um tjón sitt og tjónvald telji stefndi að á því tímamarki hafi stefnanda í síðasta lagi borið að afla sér slíkra upplýsinga í skilningi 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007. Fyrningarfrestur dómkrafna stefnanda í málinu hafi því byrjað að líða á þessu tímamarki og hafi kröfur stefnanda því verið fyrndar í síðasta lagi í lok september 2019, enda hafi mál þetta verið höfðað 16. desember 2019.

Í öllu falli hafi legið fyrir í nóvember 2015 hver fjárhæð hluthafalána stefnanda væri til Duchamp og þar með að forsendur fjárfestinga stefnanda hafi brugðist. Sé það tímamark allra síðasti upphafsdagur fyrningarfrests á kröfum stefnanda.

Hinar undirliggjandi bótakröfur stefnanda á hendur meðstefndu séu fallnar niður fyrir fyrningu. Af þeim sökum teljist krafa stefnanda á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. úr stjórnendaábyrgðartryggingunni einnig fallin niður fyrir fyrningu.

Stefnandi krefst skaðabóta úr hendi stefndu vegna tjóns sem hann byggir á að hann hafi orðið fyrir við fjárfestingu í Kcaj Limited Liability Partnership. Stefndu mótmæla alfarið málatilbúnaði stefnanda en reisa varnir sínar einkum á því að ætluð krafa stefnanda sé fyrnd.

Eins og áður segir var ákveðið í þinghaldi 19. apríl sl. að skipta sakarefni málsins að tillögu stefndu, sbr. 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991, þannig að fyrst yrði fjallað um þær málsástæður aðila sem lytu að fyrningu ætlaðrar kröfu stefnanda. Við flutning málsins hreyfði lögmaður stefnanda því fyrst að ekki hefðu verið forsendur til að skipta sakarefni málsins með þessum hætti. Vísaði hann í þeim efnum til dóms Hæstaréttar 4. júní 2019 í máli nr. 5/2019 og dóms Landsréttar 11. desember 2020 í máli nr. 889/2019. Af þessu tilefni ber að halda því til haga að í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar háttaði atvikum þannig til að úrlausn um tilvist kröfu hefði haft áhrif á það hvort krafa teldist hafa stofnast í tíð eldri laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda eða gildandi laga nr. 150/2007. Jafnframt lá fyrir að fyrningarfrestur var mislangur eftir því hvort ágreiningurinn félli undir eldri eða yngri lögum. Slík atvik eru ekki uppi í hinu fyrirbyggjandi máli þar sem ágreiningslaust er að um fyrningu fer eftir lögum nr. 150/2007.

Hvað varðar tilvísun lögmannsins til fyrrnefnds dóms Landsréttar þá var þar áréttað að dómaframkvæmd Hæstaréttar, þ.m.t. í fyrrnefndum dómi í máli nr. 5/2019, útiloki ekki að sakarefni sé skipt þannig að fyrst sé leyst úr fyrningu ætlaðrar skaðabótakröfu áður en leyst sé úr öðrum ágreiningsefnum. Þar var einnig deilt um ákvæði 7. gr. eldri laga nr. 14/1905, sem gat leitt til lengingar fyrningarfrests þegar um tiltekna sviksamlega háttsemi væri að ræða. Slíkt ákvæði er ekki að finna í gildandi lögum nr. 150/2007 sem hér er byggt á. Í dómi Landsréttar var auk þess, ólíkt hinu fyrirbyggjandi máli, um að ræða álitafni um samspil fyrningar og tómlætis, en hið síðarnefnda atriði var talið kalla á umfjöllun um ætlað saknæmi, sem skyldi þó samkvæmt ákvörðun héraðsdóms bíða meðan dæmt væri um fyrningu.

Að öllu þessu virtu verður að draga þá ályktun að atvik hins fyrirbyggjandi máls séu frábrugðin fyrrnefndum dómsmálum varðandi atriði sem þýðingu hafi við skiptingu sakarefnis. Að mati dómsins var því heimilt samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991, eins og ákvæðinu hefur verið beitt í langvarandi dómaframkvæmd, að fallast á þá tillögu stefndu um skiptingu sakarefnis með þeim hætti sem áður greinir.

Hvað sem líður samningssambandi stefnanda við stefnda Arev verðbréfafyrirtæki hf. þá byggir stefnandi kröfu sína berum orðum í stefnu á reglum skaðabótaréttar en ekki reglum kröfuréttar. Þetta ítrekaði lögmaður stefnanda einnig við málflutning. Sú nálgun fær auk þess skýra stoð í dómaframkvæmd, sbr. dóm Landsréttar 30. nóvember 2018 í máli nr. 377/2018. Ber þannig að skilja tilvísanir í

stefnu til fyrrgreinds samningssambands í því ljósi að þeim er ætlað að undirbyggja þann málatilbúnað stefnanda að sjónarmið um sérfræðiábyrgð eigi hér við sem þannig gætu leitt til þess, ef á þau væri fallist, að ríkari kröfur yrðu gerðar við mat á háttsemi meints tjónvalds. Að öllu þessu virtu fer um fyrningu kröfunnar eftir 1. málslíð 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007, en ekki 2. gr. sömu laga. Samkvæmt 1. málslíð 1. mgr. 9. gr. laganna fynnist krafa um skaðabætur á fjórum árum frá þeim degi er tjónþoli fékk nauðsynlegar upplýsingar um tjónið og þann sem ábyrgð ber á því eða bar að afla sér slíkra upplýsinga.

Stefndu Jón og Arev verðbréfafyrirtæki hf. byggja á því að stefnandi hafi fengið upplýsingar um ætlað tjón sitt eða í öllu falli borið að afla sér slíkra upplýsinga meira en fjórum árum fyrir höfðun málsins. Ætluð krafa stefnanda sé því fyrnd. Stefndi Sjóvá-Almennar tryggingar hf. tekur undir þennan málatilbúnað og vísar jafnframt til þess að samkvæmt 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2004 fynnist ábyrgð hans á grundvelli umræddrar tryggingar samkvæmt sömu reglum og gildi um fyrningu skaðabótakröfu á hendur meðstefndu.

Þess skal getið að stefndu styðjast einungis við fyrirliggjandi dómskjöl í því skyni að leiða í ljós vitneskju stefnanda samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 en hafa ekki kosið að leiða vitni fyrir dóminn. Af þessum skjölum standa tvö þeirra upp úr. Annars vegar er hér um að ræða áður nefnt minnisblað lögmannsstofunnar Lagahvols slf. og Bjargar Kjartansdóttur, dags. 30. september 2015, til fjárfestingaráðs stefnanda. Þess skal getið að Björg var þá starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. og fjárfestingastjóri stefnanda. Hins vegar er um að ræða fundargerð af fundi fjárfestingaráðs stefnanda sama dag sem áður er rakin. Í því ráði sat meðal annars Björn Jóhannesson, framkvæmdastjóri stefnanda, en hann var einnig starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf.

Af fyrrnefndum tveimur skjölum verður ráðið að Björg og fjárfestingaráðið bjuggu 30. september 2015 yfir upplýsingum um það að félag tengd stefnda Jóni hefðu ekki staðið í skilum á hlutafé í stefnanda. Þetta hefði leitt til þess að ekki hefði verið unnt að greiða Földungi ehf. allt kaupverðið vegna fjárfestingar í Kcaj Limited Liability Partnership. Þá hefði Duchamp Limited þegar hér var komið við sögu misst allt lánsvilyrði og þyrfti að staðgreiða allar vörur sem væri næsta ómögulegt vegna langvarandi rekstrarvanda. Auk þess lá fyrir vitneskja þeirra um að hugsanlega ætti stefnandi kröfu á hendur Földungi ehf. þar sem því félagi hefði, að þeirra mati, mátt vera kunnugt um slæma stöðu Duchamp Limited. Það félag þyrfti þá á lánsfjármagni að halda því ella gæti það ekki staðið við skuldbindingar sínar. Endurskoðandi Kcaj Limited Liability Partnership hefði gert athugasemdir við ársreikning þess félags og talið að verðmæti dótturfélagsins, þ.e. Duchamp Limited, væri stórlega ofmetið. Nánar tiltekið hefði hann metið rekstrarverðmæti Duchamp Limited um 1.367.000

sterlingspund, sem væri lækkun um 663.000 sterlingspund frá umsöndu kaupverði. Auk þess liggur fyrir að fjárfestingaráðið taldi ástæðu til að heimila Björgu að fela lögmönnum stefnanda að koma að málinu „verði ástæða til“. Þá liggur fyrir að fjárfestingaráðið og Björg bjuggu einnig yfir upplýsingum um hlutafalán til Duchamp Limited, þ.e. umtalsverð lán frá Földungi ehf. auk lána frá Arev Management Limited. Síðastnefnda félagið var í eigu stefnda Jóns. Samkvæmt þessu hefði síðastnefnt félag fengið endurgreiddan hluta af láni, en slík greiðsla hefði ekki borist Földungi ehf. Enn fremur hefði Arev Management Limited fengið hærra hlutfall af endurgreiðslu en réttur þess hefði staðið til miðað við lánessamninga, en stefnandi hefði átt að ganga inn í rétt Földungs ehf. samkvæmt þeim samningum. Um þetta er bókað í fundargerðinni að ljóst sé að Arev Management Limited hafi fengið endurgreiddan hluta láns frá Duchamp Limited en ekki stefnandi. Í öðru lagi hafi Arev Management Limited fengið 100% af endurgreiðslu í stað 10%, andstætt ákvæðum lánessamninga. Ályktað er í fundargerð að fjárfestingaráð stefnanda telji rétt að krefjast þess að Arev Management Limited endurgreiði umrædda fjárhæð, þ.e. 47.040,75 sterlingspund. Fjárfestingaráðið telji enn fremur rétt að krefjast þess að þetta sé gert fyrir 16. október 2015. Ella muni ráðið fela lögmönnum stefnanda að skoða hvort skaðabótakrafa hafi stofnast vegna þessa.

Að mati dómsins voru framangreindar upplýsingar þess eðlis að hafi stefnandi búið yfir þeim 30. september 2015 þá bar honum að afla sér upplýsinga um ætlað tjón sitt og þann sem ábyrgð bæri á því í skilningi 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007. Þetta hefði þá þær afleiðingar að ætluð krafa hans teldist fyrnd við höfðun málsins í desember 2019. Ekki verður aftur á móti séð að gögn málsins fyrir fyrrgreinda dagsetningu árið 2015 beri nægjanlega með sér slíkar upplýsingar sem gætu, að teknu tilliti til málalíbúnaðar stefnanda, markað upphafstíma fyrningarfrests samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007.

Eftir stendur það álitaefni hvort það nægi við beitingu 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 gagnvart stefnanda að Björg Kjartansdóttir og fjárfestingaráð stefnanda, en eins og áður segir sat framkvæmdastjóri stefnanda í ráðinu, hafi búið yfir fyrrgreindum upplýsingum eða að áskilið sé að aðrir í félaginu hafi einnig búið yfir sömu upplýsingum. Þannig byggir stefnandi á því að, eins og atvikum málsins hafi verið háttáð, verði hér fremur að líta til vitneskju hluthafafundar, en ekkert liggi fyrir um slíka vitneskju hans fyrr en í fyrsta lagi þegar ráðgjafaráð fundaði 4. maí 2016 með Björgu Kjartansdóttur í kjölfar bréfs hennar til ráðsins, dags. 2. maí 2016.

Stefnandi er lögaðili en ekki einstaklingur. Í þessu felst að áskilnaður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 um að tjónþola beri að afla sér upplýsinga um tjón og þann sem ábyrgð ber á því verður almennt ekki slitinn úr samhengi við bæni tjónþolans til

að fylgja þeirri skyldu eftir með innheimtu ætlaðrar kröfu, þ.e. í þessu tilviki með málshöfðun sem sliti fyrningu, sbr. 15. gr. sömu laga.

Hvað fjárfestingaráðið varðar þá orkar ekki tvímælis að mati dómsins að, hvað sem leið vangaveltum í fundargerð ráðsins um hugsanlega aðkomu lögmannna að málinu, þá var ráðið hvorki samkvæmt samþykktum stefnanda né á grundvelli laga nr. 2/1995 í stöðu til að taka bindandi ákvörðun um aðgerðir sem slitið gætu fyrningu, þ.e. í þessu tilviki með málshöfðun, sbr. 15. gr. laga nr. 150/2007. Þvert á móti var hlutverk ráðsins takmarkað við fjárfestingarákvarðanir eins og áður er rakið. Nærvera fulltrúa fyrrgreindrar lögmannsstofu á fundi fjárfestingaráðs hróflar ekki við þessari niðurstöðu, enda var þar aðeins um að ræða lögmann sem Björg Kjartansdóttir hafði kallað til sér til aðstoðar við gerð umrædds minnisblaðs.

Að öllu jöfnu verður að gera ráð fyrir því að þegar framkvæmdastjóri eða stjórn félags öðlast vitneskju sem fellur undir 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 þá hefjist fyrningarrestur kröfu félagsins þar sem vitneskja umræddra einstaklinga er samsömuð félaginu. Slíkt getur þó ekki átt við þegar viðkomandi stjórn eða framkvæmdastjóri er sjálfur tjónvaldurinn, enda fæli sú niðurstaða þá í reynd í sér að krafa félags gæti fyrnst einungis á grundvelli vitneskju tjónvaldsins um eigin háttsemi óháð vitneskju annarra í félaginu. Þessi fyrirvari við hina almennu lögskýringu styðst við markmiðið að baki 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007 og þau stjórnarskrárvörðu eignaréttindi sem felast í kröfuréttindum.

Hér háttar atvikum svo sérstaklega til að stefndi Jón fór í reynd með stjórn stefnanda, þar sem stjórn stefnanda var með samþykktum falin ANIIGP ehf., sem ágreiningslaust er að laut raunverulegum yfirráðum stefnda Jóns. Þá kváðu samþykktir stefnanda á um það að ábyrgðaraðili skyldi tryggja að eignastýringaraðili, þ.e. stefndi Arev verðbréfafyrirtæki hf., gegndi hlutverki framkvæmdastjóra stefnanda. Á umræddum tíma var stjórn stefnanda því í reynd á hendi stefnda Jóns og framkvæmdastjórn stefnanda í reynd á hendi stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf.

Í samræmi við þetta hafði verið ákveðið að Björn Jóhannesson, sem var starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf., skyldi gegna stöðu framkvæmdastjóra stefnanda. Eins og áður er rakið var Björg Kjartansdóttir, sem þá var fjárfestingastjóri stefnanda, einnig starfsmaður stefnda Arev verðbréfafyrirtækis hf. Ljóst er þannig að störf hennar í þágu stefnanda voru unnin á grundvelli ráðningarsambands hennar við stefnda Arev verðbréfafyrirtæki hf. sem átti, eins og áður segir, að gegna hlutverki framkvæmdastjóra í stefnanda.

Með tilvísun til vinnuveitendaábyrgðar í stefnu heldur stefnandi því fram að það hafi einmitt verið starfsmenn stefndu Arev verðbréfafyrirtækis hf. sem valdið hafi tjóni sínu ásamt stefnda Jóni. Við þessar aðstæður telur dómurinn ekki koma til greina að þekking fyrrgreindra einstaklinga verði samsömuð þekkingu stefnanda. Nægði

vitneskja þeirra í september 2015 því ekki til þess að fyrningarfrestur gæti hafist samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007. Öll sömu sjónarmið eiga við um upplýsingar sem lágu til grundvallar þeirri ákvörðun fjárfestingaráðs stefnanda 22. október 2015 að veita Duchamp Holdings Limited annað hluthafalán.

Eftir stendur þá aðeins það álitaefni hvenær hluthafafundur stefnanda öðlaðist vitneskju um þau atriði sem áður eru rakin. Í fyrrgreindu minnisblaði, dags. 30. september 2015, kemur fram að samantektin sé unnin fyrir fjárfestingaráðið og einungis ætluð því. Síðan segir að þó sé ráðinu heimilt að afhenda hluthöfum félagsins samantektina til skoðunar. Slík afhending sé þó meðal annars háð því skilyrði að viðtakendur geti ekki byggt neinn rétt á samantektinni.

Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um að hluthafafundur hafi fengið í hendur framangreindar upplýsingar meira en fjórum árum fyrir höfðun málsins. Þvert á móti var ekki boðað til hluthafafundar fyrr en eftir að svokallað ráðgjafaráð hafði fundað með Björgu Kjartansdóttur 4. maí 2016, en við það tækifæri var bókað að ráðgjafaráð teldi mjög brýnt að kalla til hluthafafundar þar sem allir hluthafar yrðu upplýstir um stöðu mála. Hvað varðar ummæli lögmanns stefndu Jóns og Arev verðbréfafyrirtækis hf. við málflutning um að gera yrði ráð fyrir að fjárfestingaráð hefði í kjölfar fundarins 30. september 2015 veitt hluthöfum aðgang að fyrirbyggjandi upplýsingum þá verður sú ályktun hvorki dregin af gögnum málsins né hafa stefndu leitt fyrir dóm vitni sem stutt gætu þessa staðhæfingu þeirra, en sönnunarbyrði um hana hvílir á þeim. Þá er ekki unnt að fallast á það með stefndu að bindandi málflutningsyfirlýsing um slíka vitneskju sé að finna í stefnu. Heilt á litið telst því ósannað að hluthafafundur eða raunar einstakir hluthafir, sem ekki tengdust stefndu Jóni eða Arev verðbréfafyrirtæki hf., hafi meira en fjórum árum fyrir höfðun málsins fengið nauðsynlegar upplýsingar um ætlað tjón stefnanda og þann sem ábyrgð ber á því eða borið að afla sér slíkra upplýsinga, sbr. fyrrgreint ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 150/2007.

Að öllu framangreindu virtu ber að hafna málsástæðum stefndu um fyrningu ætlaðrar kröfu stefnanda. Aðrar málsástæður bíða endanlegrar úrlausnar í samræmi við 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 31. gr. laga nr. 91/1991 bíður ákvörðun málskostnaðar endanlegrar dómsniðurstöðu í málinu.

Af hálfu stefnanda flutti málið Gunnar Sturluson lögmaður.

Af hálfu stefndu Jóns og Arev verðbréfafyrirtækis hf. flutti málið Reimar Snæfells Pétursson lögmaður.

Af hálfu stefnda Sjóvár-Almennra trygginga hf. flutti málið Kristín Edwald lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 31. janúar sl., en hafði fram til þess engin afskipti haft af meðferð þess.

D Ó M S O R Ð:

Hafnað er málsástæðum stefndu, Arev verðbréfafyrirtækis hf., Jóns Scheving Thorsteinssonar og Sjóvár-Almennra trygginga hf., um fyrningu ætlaðrar kröfu stefnanda, Arev NII slhf.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegrar dómsniðurstöðu í málinu.

Arnaldur Hjartarson